

Þurfum að tuttugufalda hraða uppbyggingar hjúkrunarrýma

Fjölga þarf hjúkrunarrýmum um 4.000 rými fram til ársins 2040 eða um 285 rými á ári. Samkvæmt skýrslu RSK var aukningin 14 á ári frá 2019 til 2024.

Pálmi V. Jónsson og Sigurður Stefánsson

Húsnæði og heilbrigðisþjónusta fyrir eldra fólk eru helstu samfélagsáskoranirnar á komandi árum og áratugum. Ástæðan er að saman fara mjög fjölmennir árgangar fólks sem fæddist eftir síðari heimsstyrjöld og auknar ævilíkur.

Áætlað er að fram til ársins 2040 muni fjöldi einstaklinga 75 ára og eldri aukast úr um 26 þúsund í um 45 þúsund. Þar sem þrír af hverjum fjórum sem nýta hjúkrunarrými eru 80 ára og eldri eykur þróunin verulega þörfina fyrir hjúkrunarrými. Ætla má að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum úr 2.800 í 6.100. Þegar þörfin fyrir endurnýjun eldri rýma er einnig höfð í huga sést að fjölga þarf um 4.000 rými fram til ársins 2040 eða sem nemur 285 rýmum á ári fram að þeim tíma.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar var nettóaukning rýma árin 2019 til 2024 14 á ári hverju.

Við þurfum því að tuttugufalda uppbyggingarhraða hjúkrunarrýma til að mæta fyrirsjáanlegum breytingum á samsetningu þjóðarinnar að óbreyttu heilsufari og heilbrigðisþjónustu eldra fólks. Mikilvægt er að hafa í huga að fólk 85 ára og eldra telur ekki aðeins sem einn einstaklingur þegar kemur að heilbrigðisþjónustu heldur er háaldrað fólk að öðru jöfnu með flesta sjúkdóma, flest lyf og mestar líkur á færnitapi af öllum aldurshópum. Þarfir eldra fólks eru því hlutfallslega meiri en fjöldi þess segir til um. Nauðsynlegt er að bregðast hratt við, því að óbreyttri heilbrigðisþjónustu mun skortur á hjúkrunarrýmum margfalda álagið á allt heilbrigðiskerfið og veikja getu þess til að sinna hlutverki sínu.

Skortur á hjúkrunarrýmum lamar allt heilbrigðiskerfið


Sviðsmynd sem samfélagið stendur frammi fyrir er alvarleg þar sem óbreytt útfærsla heilbrigðisþjónustunnar mun leiða til aukins álags og skertra lífagæða fyrir landsmenn alla. Í skýrslu sem unnin var af alþjóðaráðgjafarfyrtækinu McKinsey fyrir heilbrigðisráðuneytið árið 2021 er sérstaklega bent á að ekki sé nægjanlegt að byggja fleiri hjúkrunarheimili. Samhliða þurfi að efla heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa. Þar er átt við úrræði á borð við bættu greiningu langvinnra sjúkdóma, bættu meðferð og eftirfylgd, endurhæfingu og aðgengi að skammtímadvöl með andlegri og líkamlegri örvun, sem eflir fólk til sjálfstæðrar búsetu heima. Án slíkra úrræða safnast fólk með þjónustubörf upp inni á sjúkrahúsum með tilheyrandi álagi og kostnaði. Skortur á heilbrigðisþjónustu við eldra fólk og á hjúkrunarrýmum lamar heilbrigðiskerfið.

Nauðsyn á metnaðarfullum áformum

Núverandi stjórnvöld hafa sett fram skýran ásetning um að efla þjónustu og bæta aðbúnað eldra fólks. Mikilvægt er að þau horfi til fjölbreyttra leiða og lausna. Auk uppbyggingar hjúkrunarrýma þarf að styðja markvisst við öll úrræði sem bæta heilsufar og viðhalda færni fólks. Jafnframt þarf samfélagslegur stuðningur að miða að því að fólk geti búið lengur og betur heima, með auknum lífsgæðum og sjálfstæði, fremur en að fara snemma í varanlega dvöl á hjúkrunarheimili.

Greinarhöfundar hafa undanfarin fjögur ár unnið markvisst að undirbúningi á metnaðarfullu innviðaverkefni sem tekur beint á þeim áskorunum sem hér hafa verið raktar. Kjarninn í verkefninu er uppbygging á nýju hverfi í landi Kópavogs á Gunnarshólma við Hólmsá, austan við Heiðmörk, þar sem byggðar verða um sex þúsund íbúðir fyrir fólk á þriðja æviskeiði. Uppbyggingin verður studd öflugum þjónustuinnviðum með áherslu á sjálfstæða búsetu, félagslega samveru og útivist. Samhliða verður ráðist í umfangsmikla uppbyggingu innviða á sviði heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk á stórhöfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða innviði sem ekki eru fyrir hendi í dag, en eru lykilforsenda þess að samfélagið geti mætt heilbrigðisþjónustu komandi kynslóða eldra fólks.

Markmið uppbyggingarinnar er að auka lífsgæði fólks á efri árum, styðja við sjálfstæða búsetu og um leið draga úr álagi og kostnaði innan heilbrigðiskerfisins. Áformin eru umfangsmikil og munu hafa veruleg jákvæð áhrif, bæði á þjónustu við eldra fólk sem og á heilbrigðisþjónustu fyrir landsmenn alla. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi og samráði við Kópavogsbæ. Nánari kynning á áformum, einkum á sviði heilbrigðisþjónustunnar, fer fram á næstu vikum.



[Smellið til að sjá stærri mynd]

